

Hafnarfjarðarbær
Málfríður Kristjánsdóttir arkitekt
Strandgata 8-10
220 Hafnarfjörður

Reykjavík, 27. mars 2014
Tilvísun: 201305060 / 3.4

Efni: Breyting á deiliskipulagi Kaplakrika, fjölgun bygginga, Hafnarfjörður

Við er til erindis Hafnarfjarðarbæjar dags. 12. mars 2014, þar sem breyting á deiliskipulagi Kaplakrika, fjölgun bygginga, er send Skipulagsstofnun til yfirferðar samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagsbreytingin var samþykkt í skipulags- og byggingarráði 11. mars 2014. Athugasemdafresti lauk 23. febrúar 2014. Engar athugasemdir bárust á kynningartímanum. Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga.

Í deiliskipulagsbreytingunni felst m.a. að fjölga á byggingum á lóðinni og hækka nýtingarhlutfall úr 0,17 í 0,36 fyrir utan bílastæðahús.

Deiliskipulagsbreytingin er sett fram á uppdrætti í mkv. 1:1000, dags. 5. nóvember 2013 og er greinargerð á uppdrætti.

Skipulagsstofnun hefur yfirfarið framlögð gögn og gerir ekki athugasemd við að sveitarstjórn birti auglýsingu um samþykkt deiliskipulagsbreytingarinnar í B-deild Stjórnartíðinda, þegar upplýsingar um nýtingarhlutfall hefur verið lagfærðar til samræmis við skipulagsreglugerð, lið c í gr. 5.3.2.5.

Varðandi bókun skipulagsnefndar frá 11. mars um að deiliskipulagið hafi gildistíma 12 ár, þá bendir stofnunin á að það á ekki við, deiliskipulag er alltaf ótímabundið. Sveitarstjórn getur hinsvegar ákveðið að skilgreina ákveðin svæði innan þegar byggða hverfa sem sem þróunarsvæði þar sem gert skuli deiliskipulag, s.s. vegna aðlögunar að breyttri landnotkun eða enduruppbyggingar, og þá skal sveitarstjórn ákveða tiltekinn framkvæmdatíma. Eftir að sá tími rennur út er óheimilt að endurnýja eða gefa út ný leyfi til framkvæmda en deiliskipulagið er hinsvegar ekki fallið úr gildi. Þetta á þó ekki við í þessu tilviki.


Málfríður K. Kristiansen

Hafnarfjarðarbær
Dagur: 1. 4. 2014
Ísfr.: 130 1142
Bréfal: 512